

Persónuverndarstefna

1. Almenn

Brynja leigufélag ses. (hér eftir „Brynja“ eða „félagið“) hefur sett sér persónuverndarstefnu þessa á grundvelli laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (hér eftir „persónuverndarlög“). Markmið stefnunnar er að skjólstæðingar Brynju og aðrir viðsemjendur og einstaklingar, eins og við getur átt hverju sinni, séu upplýstir um hvernig félagið safnar og vinnur persónuupplýsingar. Brynja er ábyrgðaraðili þeirra persónuupplýsinga sem félagið safnar og vinnur um einstaklinga í tengslum við starfsemi félagsins og þá þjónustu sem veitt er.

Persónuupplýsingar eru sérhverjar upplýsingar sem beint eða óbeint má tengja við tiltekinn einstakling samkvæmt nánari skilgreiningu persónuverndarlaga, svo sem með tilvísun í auðkenni, netauðkenni eða fleiri einkennandi þætti. Viðkvæmar persónuupplýsingar eru m.a. heilsufarsupplýsingar. Upplýsingar sem eru ópersónugreinanlegar teljast ekki persónuupplýsingar.

2. Söfnun og meðferð persónuupplýsinga

Söfnun persónuupplýsinga

Brynja safnar og vinnur með persónuupplýsingar í því skyni að veita þjónustu sína, en hlutverk félagsins er að kaupa, eiga og reka íbúðarhúsnæði fyrir öryrkja. Brynja safnar og vinnur persónuupplýsingar einungis að því marki sem nauðsynlegt er til að geta veitt þá þjónustu eða uppfylla lagalegar skyldur.

Dæmi um persónuupplýsingar sem Brynju kunna að vera afhentar eða félagið kann að afla í ofangreindum tilgangi eru grunnupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer og samskiptaupplýsingar, svo sem tölvupóstsamskipti og bréf og aðrar upplýsingar.

Vegna umsóknar um úthlutun leiguíbúðar kann Brynja að óska eftir upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á umsókn, þ.e. örorkuskirsteini, skattframtal, staðgreiðslufirlit og sakavottorð. Í einhverjum tilvikum er óskað eftir frekari gögnum. Slíkar upplýsingar eru ávallt veittar félaginu á grundvelli upplýsts samþykkis umsækjanda. Gerð er nánari grein fyrir þeirri upplýsingaöflun og notkun þeirra upplýsinga í Reglum um úthlutun leiguíbúða hjá Brynju leigufélagi ses.

Brynja safnar ekki persónuupplýsingum með notkun á vefkökum. Vefkökur sem heimasíða Brynju nýtir eru einungis til að tryggja virkni síðunnar, vegna lögmætra hagsmuna.

Meðferð persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar eru fyrst og fremst unnar vegna þeirrar þjónustu sem Brynja veitir, þ.e. rekstur íbúðarhúsnæðis og framkvæmd leigusamninga. Í því skyni er einkum unnið með samskiptaupplýsingar, svo sem kennitölu, símanúmer, heimilisfang og netfang, ásamt þeim fjárhagsupplýsingum sem nauðsynlegar eru til efnda leigusamninga. Komi til tölfraeðiúrvinnslu í kjölfar skoðanakannana á vegum félagsins eru allar upplýsingar gerðar ópersónugreinanlegar.

3. Afhending til þriðja aðila

Brynja leigir aldrei eða selur persónuupplýsingar. Félagið afhendir ekki persónuupplýsingar utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) nema í samræmi við gildandi lög.

Engar persónuupplýsingar eru afhentar þriðja aðila að öðru leyti en nauðsynlegt kann að vera. Vegna lögmætra hagsmuna kann að vera nauðsynlegt að deila persónugreinanlegum upplýsingum með aðilum sem sjá um innheimtu fyrir félagið. Jafnframt kunna lög, reglugerðir eða fyrirmæli stjórnvalda að kveða á um skyldu félagsins til afhendingar persónuupplýsinga, svo sem til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

4. Geymsla persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar eru aðeins varðveittar í þann tíma sem lög heimila og eins lengi og nauðsynlegt er til að uppfylla markmið söfnunar þeirra, svo sem til að framfylgja leigusamningi. Nauðsynlegt er að varðveita persónuupplýsingar á meðan viðkomandi aðili er leigjandi hjá Brynju.

Mismunandi varðveislutími á almennt við eftir tegund og eðli persónuupplýsinga. Í kjölfar nauðsynlegs varðveislutíma er upplýsingum eytt að því marki sem lög heimila. Til að mynda kunna bókhaldslög að skylda félagið til varðveislur persónugreinanlegra gagna í tiltekinn tíma.

5. Öryggi persónuupplýsinga

Öryggi persónuupplýsinga er tryggt eins og kostur er, en Brynja hefur innleitt fyrirkomulag upplýsingaöryggis meðal annars til að tryggja öryggi persónuupplýsinga í vörslu félagsins. Aðgangi að persónuupplýsingum er stýrt þannig að það afmarkist við þá starfsmenn sem á þurfa að halda til að geta sinnt viðkomandi máli. Gerðir eru vinnslusamningar við alla aðila sem hýsa eða vinna með persónuupplýsingar fyrir félagið.

6. Réttindi viðskiptavina og samskiptaupplýsingar

Persónuverndarlög tryggja þeim sem persónuverndarstefna þessi tekur til m.a. eftirfarandi réttindi:

- Að vita hvort og þá hvaða persónuupplýsingar Brynja vinnur um þá, sem og að fá aðgang að þeim
- Að óska eftir leiðréttingu persónuupplýsinga sem Brynja vinnur með
- Að fá aðgang að þeim persónuupplýsingum sínum sem eru í vörslu Brynju

Þegar beiðni um aðgang að persónuupplýsingum berst áskilur Brynja sér rétt til að tryggja að um sé að ræða réttan aðila með beiðni um framvísun skilríkja. Beiðnir um aðgang eru afgreiddar á skrifstofu félagsins. Brugðist verður við beiðnum um eyðingu að því marki sem lög leyfa. Vakin er athygli á því að Brynju kann að vera skylt samkvæmt lögum að varðveita tiltekin gögn og í ákveðnum tilfellum kunna lögvarin réttindi félagsins að krefjast varðveislur gagna. Einstaklingar geta í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð.

Samskiptaupplýsingar:

Brynja leigufélag ses.

Hátúni 10c, 105 Reykjavík

570 7800

Hægt er að senda skriflega fyrirspurn um meðferð persónuupplýsinga á netfangið brynjaleigufelag@brynjaleigufelag.is.

Þeim sem persónuverndarstefna þessi tekur til er unnt að kvarta til Persónuverndar, www.personuvernd.is vegna framkvæmdar stefnunnar eða vinnslu félagsins á persónuupplýsingum að öðru leyti.

7. Endurskoðun stefnu

Brynja áskilur sér rétt til að endurskoða og uppfæra persónuverndarstefnu þessa, án fyrirvara. Uppfærð persónuverndarstefna tekur gildi þegar hún hefur verið birt á heimasíðu félagsins.

Stefna þessi tók gildi þann 28. september 2023.